

10. stjórnarfundur

FORMA 2012 – 2013

Dags. 2/9 2013

Tími: kl. 16.30

Staður: Hólar

Mætt: Bryndís Arnarsdóttir, Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Herdís Zophóníasdóttir, Sigrún Birna Sigtryggsdóttir, Vilhjálmur G. Kristjánsson.

Á fundinum voru einnig mætt Jón Már Héðinsson skólameistari og Alma Oddgeirs dóttir.

1. Aðalmálefni þessa fundar var að ræða innkomu foreldrafélagsins að skólastetningu MA sem fram fer þann 13.sept. n.k. kl. 10.30. Eins og rætt var um að vori vilja meðlimir FORMA og skólastjórnendur ná til foreldra nýnema í upphafi skólaárs og fá þannig strax betri tengingu foreldra við skólann og tengingu foreldra innan hvers bekkjar. Sendir verða út aðstandentalistar með símanúmerum og netföngum til að auðvelda foreldrum samskipti innbyrðis.
Þegar formlegri skólastetningu lýkur munu nemendur yfirgefa salinn en foreldrar hlýða á kynningar á náminu í skólanum og félagsstarfi nemenda. Að því loknu verður aðalfundur foreldrafélagsins, gerð grein fyrir starfi síðasta vetrar og óskað eftir fulltrúum í stjórn næsta vetrar. Rædd verða mál sem upp komu síðasta vetur og hvernig samhentir og vel upplýstir foreldrar geta veitt börnum sínum aðhald og stuðning. Sagt verður frá skálaferðum, busavígslu, busa/böðlasamskiptum o.fl.
Foreldrar munu síðan hitta umsjónakennara í kennslustofum en nemendur koma eftir hádegi aftur til að hitta sína umsjónarkennara.
2. Skálaferð 4.bekkinga stendur nú yfir en þeir eru væntanlegir heim þann 9.sept. Mikilvægt er að funda með stjórn nemendafélagsins og busaráði fyrir skólastetningu til að fara yfir málín varðandi busavígslu og áframhaldandi samskipti. Ítreka ábyrgð þeirra sem fjórða árs nemenda og hvaða reglur skuli hafa að leiðarljósi í samskiptum yngstu og elstu nemenda skólans með virðingu að leiðarljósi. Busavígsla verður að öllum líkendum miðvikudaginn 18.sept.
3. Undirbúa þarf skálaferðir á haustönn. Best væri að þær væru farnar sem fyrst eftir busavígsluna og að þeim lyki helst um mánaðarmótin sept-okt. Tilgangur þeirra er hópefling fyrir nýnemabekkina. Kanna þarf hvort að Jóhann staðarhaldari á Hólavatni geti tekið við hópunum á þessum tíma og kostnað við rútuferðir (kostaði 3.700 kr. í fyrra á nemanda fyrir utan 1000 kr sem lagt var í matarsjóð). Sigrún Birna ætlar að kanna hvorutveggja. Einn til tveir foreldrar þurfa að fara með í þessar ferðir og er ágætt að geta sagt frá skipulagi og kostnaði á skólastetningu.

Stefnt er að því að hafa næsta fund þriðjudaginn 10.sept. með skólameistara, stjórn nemendafélagsins og busaráði.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 18.00

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.